

Fasteignaskattur

Reiknast af fasteignamati húss og lóðar. Matið er framkvæmt af Þjóðskrá Íslands samkvæmt V. kafla laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með áorðnum breytingum. Álagningarprósenta hefur verið ákveðin á íbúðarhúsnæði 0,2%, á atvinnuhúsnæði 1,65% og á aðrar eignir 1,32%.

Lóðaleiga

Með heimild í lögum nr. 86/1943, sbr. lög nr. 68/1978, ákveður borgarstjórn leigugjald eftir lóðir og lönd sem borgin lætur á leigu. Leigugjaldið fyrir íbúðarhúsalóðir er 0,2% af lóðamati þeirra en 1,0% fyrir atvinnulóðir. Lóðaleiga innheimtist með fasteignagjöldum.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs og gjald vegna endurvinnslustöðva er lagt á skv. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldið miðast við fjölda og stærð íláta við hverja húseign og losunartíðni þeirra. Í fjöleignarhúsum er gjöldunum skipt eftir hlutfallstölu eigenda í viðkomandi sameign sbr. 43. og 45. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Gjaldið er 20.400 kr. fyrir hverja 240L tunnu undir blandaðan úrgang sem losuð er á 10 daga fresti, 10.200 kr. fyrir hverja 240L tunnu sem losuð er á 20 daga fresti og 6.400 kr. fyrir 240L tunnu undir endurvinnanlegan pappír og pappa sem losuð er á 20 daga fresti. Fyrir hvert 660L ker undir blandaðan úrgang sem losað er á 10 daga fresti er gjaldið 56.100 kr. Sé tunnum fjölgað, fækkað eða losunartíðni breytt á árinu miðast gjaldið fyrir meðhöndlun úrgangsins við þá viku sem breytingarnar fara fram. Þurfi að draga ílát lengra en 15 metra að sorpbíl til losunar leggst 5.000 kr. álag á hverja 240L tunnu sem losuð er á 10 daga fresti en 2.500 kr. álag á tunnu sem losuð er á 20 daga festi. Sama gildir um 660 l ker og leggst 13.750 kr. álag á hvert ker undir blandaðan úrgang sem losað er á 10 daga fresti en 6.875 kr. álag á ker undir pappír og pappa sem losað er á 20 daga festi. Til að standa undir hlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva Sorpu bs. er á hverja íbúð í Reykjavík lagt endurvinnslustöðvagjald 6.550 kr.

Lækkun fasteignaskatts hjá elli- og örorkulífeyrisþegum

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fengu lækkun á fasteignaskatti og fráveitugjaldi á líðnu ári, fá einnig að óbreyttu lækkun fasteignaskatts og fráveitugjalds fyrir árið 2014 að teknu tilliti til tekju- og eignaviðmiðunar. Fjármálaskrifstofa framkvæmir breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi eftir yfirferð skattframtala elli- og örorkulífeyrisþega. Það þarf því ekki að sækja sérstaklega um lækkun eða niðurfellingu þessara gjalda. Við álagningu fasteignaskatta í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við tekjur ársins 2012. Þegar álagning vegna tekna ársins 2013 liggur fyrir á þessu ári, verður afslátturinn endanlega ákvarðaður og verða þá allar breytingar tilkynntar bréflaga. Lækkun á fasteignaskatti og fráveitugjaldi er byggð á reglum sem borgarstjórn setur, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, og eru aðgengilegar á www.reykjavik.is/fasteignagjold

Álagning og innheimta

Fasteignaskattur, lóðaleiga fyrir íbúðarhúsalóðir og sorphirðugjald eru tryggð með lögveði í fasteigninni. Séu eigendur fleiri en einn bera þeir sameiginlega ábyrgð á greiðslu gjaldanna og verða sjálfir að annast skiptingu þeirra. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt innan 30 daga frá gjalddaga, skv. 5. mgr. 4 gr., sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Greiðendum fasteignagjalda er gefinn sá kostur að gera skil á fasteignagjöldum ársins 2014 með níu jöfnum greiðslum á gjalddögum 1. febrúar, 2. mars, 2. apríl, 3. maí, 1. júní, 2. júlí, 2. ágúst, 1. september og 4. október. Gjalddagi gjalda undir 25.000 kr. og gjalda þeirra gjaldenda er völdu eingreiðslu fasteignagjaldanna er 3. maí. Innheimtuviðvörðun er send út eftir eindaga þar sem gjaldendum er gefinn kostur á að greiða kröfu svo komist verði hjá milli- og löginnheimtu gjaldanna

- Vakin er athygli á því að hægt er að greiða fasteignagjöldin með boðgreiðslum, upplýsingar um það eru í síma 411-1111 og www.reykjavik.is. Upplýsingar um beingreiðslur eru í þjónustubönkum og sparisjóðum.
- Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á gjaldi fyrir meðhöndlun úrgangs í síma 411-1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið sorphirda@reykjavik.is.
- Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á fasteignaskatti og lóðarleigu í síma 411-1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið fasteignagjold@reykjavik.is og/eða senda erindi frá vefslóðinni <http://reykjavik.is/erindi-vegna-fasteignagjalda>
- Reykjavíkurborg annast fruminnheimtu gjaldanna.
- Orkuveita Reyjavíkur annast álagningu og innheimtu vatnsgjalds og fráveitugjalds og veitir allar upplýsingar um þessi gjöld í síma 516-6000. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið or@or.is.